

förum á sumrum með lausakaupmönnum. Verzlstj. í Stykkish. fyrir Smith í Rvík. Bókhaldari hjá Richter í Stykkish. mörg ár, en síðan hjá Daníel bróður sínum, er var verzlstj. fyrir Norska samlagið þar. Hafði á hendi veðurathuganir í Stykkish. 50 ár. Hrstj. mörg ár o. fl. D. 19. 5. 1920. K. 14. 11. 69 Anna María Jónsdóttir Danielsen, als. Stefáns b. og borgara í Grundarf.

Ólafur Árnason, f. 23. 2. 63 á Pverá í Hallárdal. Albr. Björns hrstj. á Syðri-Ey. Verzlm. hjá V. Claessen á Skróki um hríð og síðar á Eskif. og Seyðisf. Dvaldist í Khöfn um hríð, og fór þaðan til Eyrarbakka. Kaupm. þar frá 1897 og jafnframt afgrm. Stokkseyrar-kf. Gekkst fyrir viðgerð á höfninni á Eyrarbakka, stofnun íshúss þar o. fl. Stofnaði hf. Ingólfur 1907. Seldi því verzlun sína og varð frkvstj. þess. D. 2. 6. 1915 í Rvík. K. Margrjet Friðriksdóttir Möller, als. Ólafs ritstj. í Rvík. Skildu.

Ólafur Indriði Benjamínsson, f. 19. 9. 78 á Marðareyri í Grunnavík. For. B. b. þar, d. 1891, Einarsson, og k. Hansína, f. 2. 5. 50, d. 1. 8. 35, Tómasdóttir b. í Nesi í Grunnavík Ásgrímssonar. Gerðist ungar verzlm. hjá Fr. Wendel á Pingeyri og síðar verzlstj. þar. Um hríð búsettur í Khöfn. Fluttist til Rvíkur 1914 og átti þar heima síðan. Afgrm. Thorefjel. Umbm. Handelsbanken í Khöfn hjér, sá m. a. um Viðeyjarstöðina f. h. bankans. Fiskkaupm. Í nefnd á stríðsárunum eftir 1914, er annaðist útflutningsverzlun hjeðan. Í stjórn Verzlunarráðsins. Ráðinn frkvstj. Eimskipafjel. Íslands 1929, en tók aldrei við þeim starfa fyrir sakir vanheilsu. D. 8. 10. 1936 í Rvík. K. 17. 9. 07 Marie Emelie, f. 18. 10. 87, dóttir Fr. Wendel, kaupm. á Pingeyri, f. 13. 8. 35, d. 18. 10. 20.

Ólafur Bjarnason, f. 10. 4. 89 á Hofi á Kjalarnesi. For. B. Sigurðsson, b. og hrstj., og k. Vigdís, f. 9. 8. 50, Sigurðardóttir b. á Sandi í Kjós Ólafssonar. B. á Brimilsvöllum í Snæfns. Hrstj. 1924. Umbm. þjóðjarða frá 1926. Snm. frá 1922. Form. sóknarnefndar frá 1920. Form. búnaðarfjel. frá stofnun þess 1927. Ftr. á Búnaðarsambandsfundum. Hrn. oddviti. K. 11. 7. 15 Kristólina, f. 4. 8. 85, Kristjánasdóttir b. á Haukabrekku Þorsteinssonar.

Ólafur Bjarnason, f. 19. 9. 91 í Steinnesi í Þingi. Albr. Jóns hjeraðsl. í Borgarf. Búfr. Hólum 1911 og síðar í Danmörku við verklegt nám. B. í Brautarholti á Kjalarnesi. Hrstj. Í sn., hrn. og skólan. Í stjórn Búnaðarsamb. Kjalarnesþings. Var Búnaðarþingsftr. Í stjórn Mjólkurfjel. Rvíkur og Sparisjóðs þess. Form. í Landssamb. ísl. bænda. Í fasteignamatsnefnd Kjósarsýslu. Hefir ritað nokkrar blaðagreinar. K. 30. 5. 25 Ásta, f. 16. 3. 92, Ólafsdóttir prófaster í Hjarðarholti Ólafssonar.

Ólafur Björnsson, f. 14. 2. 65 í Finnstungu í Blöndudal. Albr. Sigvalda á Skeggstöðum. Gagnfr. Mv. 1892. B. á Árbakka á Skagaströnd. Hrn. 24 ár, oddviti 21 ár. Einn af stofnendum Verzlunararfjel. Vindhælinga og form. þess fyrstu 3 árin. Í stjórn þess 24 ár. K. 18.

7. 95 Sigurlaug, f. 16. 12. 76, Sigurðardóttir b. á Hellu í Blönduhlíð Sigurðssonar.

Ólafur Björnsson, f. 14. 1. 84 í Rvík. Albr. ríkisstjórans, herra Sveins Björnssonar. Stúd. 1902. Cand. polit. Kh. (í hagfræði og talfraði) 1909. Ritstjóri „Ísafoldar“ í Rvík frá sept. 1909 og forstöðumaður Ísafoldarprentsmaðju, og hafði hvortveggja á hendi til dauðadags. Skip. í nefnd til þess að gera tillögur til stjórnarinnar um gerð fánans 30. 12. 12. Form. söngfjel. „17. júní“ nokkur ár. Rit: Samdi Minningarrit um Styrktar- og sjúkrasjóð verzlunarmanna 1917 og þyddi bók eftir Swett Marden, „Áfram“. D. 10. 6. 1919 í Rvík. K. 2. 8. 09 Borghildur, f. 13. 12. 85, Pjetursdóttir kaupm. á Bildudal Thorsteinson.

Ólafur Bjarnason Björnsson, f. 6. 7. 95 á Litla-Teigi á Akranesi. For. B. Hannesson, form., f. 10. 3. 73, og k. 17. 1. 00 Katrín, d. 1937, Oddsdóttir prófaster á Rafnseyri Sveinssonar. Útgerðarm. á Akranesi. Meðstofnandi verzlunar- og útgerðarfa. Bjarni Ólafsson & Co. 1916 og frkvstj. þess síðan. Meðstofnandi Síldar- og fiskimjölsverksmiðju Akraness hf. 2. 2. 37. Form. stjórnar hennar síðan. Stjórnarform. Vjelbátaábyrgðarfjel. Akurnesinga frá stofnun þess. Forseti fjórðungsþinga Fiskideilda í Suðurl.fjórð. frá 1930. Varaforseti Fiskifjel. Íslands frá 1930—40. Ftr. á Fiskiþingum 1930—38. Í kirkjuráði frá stofnun þess 1932. Snm. 1932 og síðan. Hrn. 1922 og síðan, oddviti 1930 og 1931. Í stjórn Sparisjóðs Borgarfj.sýslu frá stofnun 1918. Gjk. hans frá sama tíma. Í sóknarnefnd frá 1920, form. frá 1934. Form. landsnefndar Hallgrímskirkju frá stofnun 1933. Í skattanefnd frá 1922. Organisti Akran.kirkju yfir 10 ár. Stofnandi karlakórsins „Svanir“ á Akran. 14. 10. 15. Söngstjóri og form., nema fyrstu tvö árin. Í yfirkjörstjórn við Alþingiskosn. frá 1925. Form. Sjúkrasaml. Akraness 1919—38 í apríl, er það var lagt niður, þá er skyldutrygging komst á. Hefir mikil starfað í I.O.G.T., mætt á Stórst.-þingum o. s. frv., einnig í U.M.F., í Jarðræktarfjel. og í Fiskideildinni „Báran“. Í hafnarstjórn frá 1928, form. til 1935. Bæjarftr. 1942 og forseti bæjarstjórnar. K. 12. 8. 22 María Ása, f. 24. 9. 02, Ólafsdóttir hjeraðsl. á Akranesi Finsen.

Ólafur Björnsson, f. 2. 2. 12 að Hjarðarholti í Döllum. For. B. pr. Stefánsson, nú á Auðkúlu, og f. k. Guðrún Ólafsdóttir. Stúd. Ak. 1931. Cand. phil. Rvík 1932. Las lögfræði í Rvík 1931—32, en fór að því loknu til Kh. Las hagfræði þar við háskólan. Cand. polit. Kh. 1938. Starfsm. í Landsb. í Rvík um stund, í Hafstofu Íslands 1. 10. 38 og síðan. Kennari í hagfræði við Viðskiptaháskólan og síðan í viðskiptadeild háskólans hjér. K. 1943 Guðrún Aradóttir kennara á Þórshöfn. Hann var bróðir Þorsteins próf. í Vatnsf.

Ólafur Böðvarsson, f. 29. 9. 78 á Ytri-Reykjum í Miðf. For. B. Böðvarsson, b. þar, síðar gestgjafi í Hafnarf., og s. k. Kristín Ólafsdóttir dómk.pr. Pálssonar. Fluttist til Hafnarfj. með for. sínum 1882.